

- 13) Færsla á tillögum í afskriftareikning innan eigin fjár sbr. 5. tölulið hér á undan. Tillög í afskriftareikning innan eigin fjár skulu bókfærð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé og hækkunar á afskriftareikningi innan eigin fjár.

3. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. reglna um ársreikning viðskiptabanka og sparisjóða nr. 77/1986 bætast við eftirfarandi töluliðir 10)-13):

- „10) reikningsskilaaðferð sem notuð er við mat á afskriftapörf vegna útlána og annarra skuldbindinga;
- 11) hreyfingar á afskriftareikningum útlána o.fl. á reikningsárinu. Sérstaklega skal tilgreina þá fjárhæð, sem gjaldfærð er í rekstrarreikning sem framlag í afskriftareikninga útlána o.fl., þá fjárhæð, sem færð er á tímabilinu sem endanlega afskrifuð útlán og þá fjárhæð, sem færð er til tekna vegna innheimtra en áður afskrifaðra útlána;
- 12) heildarfjárhæð afskriftareikninga útlána o.fl. á uppgjörssdegi;
- 13) heildarfjárhæð vaxtafrystra útlána í efnahagsreikningi, sem ekki hefur verið lagt til hliðar fyrir í afskriftareikningum útlána o.fl., svo og á hverju mat á bókfærðu virði sömu útlána er byggt.“

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stöð í 37. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka og 41. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði og öðlast gildi fyrir reikningsárið 1992.

Viðskiptaráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Finnur Sveinbjörnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku nr. 458, 27. september 1991:
Liðirnir C.2 Daghitun, húshitun rofin og C.3 Næturhitun, húshitun, hækki um 4%. Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.